

FRÉTTASKÝRING

Auðlind í æsku Svalba



GEIR A. GUDSTEINSSON

SKRIFAR

Forseti Íslands sagði að það væri gleðiefni að enn væri Ólafsfjörður að fara þjóðinni hetjur og fyrirmyndir sem sýndu æsku landsins að hægt væri að vera í senn góður Íslendingur og afreksmaður á alþjóðlegum keppnisvelli, og vitnaði þar til afreka Kristins Björnssonar skíðamanns.

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, kom í opinbera heimsókn í gær til þeirra 10 sveitarfélaga sem standa utan Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar. Fyrst kom forseti til Svalbárstrandarhrepps og var tekið á móti honum við Valsárskóla þar sem leikskólabörn sungu fyrir forsetann. Síðan leit forseti við í kennslustofu þar sem börnin voru ófimin við að fræða hann um fugla, ekki síst lóuna og krumma, hann skoðaði vinnubækur og ræddi við börnin í léttum tón. Í íþróttasalnum var síðan stutt samskoma þar sem börnin voru enn í aðalhlutverki, fóru m.a. með ljóð eftir Bólu-Hjálmar sem fæddur er í hreppnum. Þar sagði forseti m.a.: „Þú eigið mikla auðlind í þessari æsku sem er að alast herna upp. Það er vissulega ástæða til þess að óska ykkur til hamingju með það. Það er gaman að koma hér að vorinu og skynja breytinguna í náttúrunni og umhverfinu og skynja að það er öllum hagar í því að tryggja áframhaldandi hagvöxt og byggð við Eyjafjörð.“ Síðan var Safnasafnið skoðað, en það er hið eina sinnar tegundar héraendis og eina listasafnið í sveit á Íslandi. Það helgar sig alþýðulist.

Þar á eftir var snæddur morgunverður að Þórisstöðum hjá Stefáni Tryggvasyni og Ingu Margréti Arnadóttur, en að Þórisstöðum er hægt að fylgjast með mjóltum úr veitingastofu og þar er starfræktur húsdýragarður. Morgunverðurinn samanstóð af framleiðsluvörum úr hreppnum. Forseti sagði að hugmyndin að því að vera með þess háttar sýningarbú væri skemmtileg blanda gamla og nýja tímans og hluti af menningunni og það væri einnig stór liður í því að halda þræðinum milli búskapar og ungu kynslóðarinnar í landinu.

Að Þórisstöðum færði yngismærin Halldóra Sigríður Halldórsdóttir frá Hyrnu forsetanum að gjöf körfu sem var fyllt af náttúruvænum húðvörum frá Urta-smíðjunni, sem rekin er af Gígu Kjartansdóttur að Fosshrekkju. Um er að ræða sanna gæðavöru úr hreinni og kraftmikilli náttúru Íslands, ekki lyf heldur dýrmatja gjöf frá möður náttúru. Öll framleiðsla Urta-smíðunnar er handunnin, umbúðirnar umhverfisvænar og endurvinnanlegar.

Fyrsti viðkomustaður forseta Íslands í Grýtubakkahreppi var kirkjustaðurinn Laufás. Þar voru kirkjan og gamla bærin skoðuð. Við móttökuna sagði Jóhann Ingólfsson, oddviti, að það væri við hæfi að taka á móti forsetanum í Laufási, þessum sögufræga og fallega stað þrátt fyrir að heldur væri sunnanáttin hvöss. „Það er mikilvægt hverju byggðarlagi að fá þjóðhöfðingja sinn í heimsókn en síðast kom forseti Íslands hingað í heimsókn árið 1956. Það er von mín að þessi heimsókn verði fræðandi og skemmtileg og sýni þér að hér ríkir lífskraftur og hjartsýni,“ sagði Jóhann Ingólfsson.

Að lokinni skoðunarferð um gamla bæinn í Laufási í fylgd prestsfrúarinnar, Ingibjargar Sigurlaugsdóttur, var haldið í heimsókn í Grenivíkurskóla, heilsað upp á nemendur og starfslid og þar var boðið upp á píanóleik. Síðan var haldið í Grenihund, dvalarheimili aldraðra, og heilsað upp á íbúa og hlustað á söng kórs Grenivíkurkirkju.

Síðdegis hélt forseti til Ólafsfjarðar. Á samskoma þar sagði hann m.a.: „Í heimsókn minni í fyrirtækin hér kynnist ég ríkulegum vilja ykkar til framfara og nýrrar sóknar, hvornig þið hyggið nýta þau tækifæri sem fjöl-



Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, heilsar upp á leikskólabörn við komuna til Svalbárstrandarhrepps.

þættur markaður nýrra tíma felur í sér. Þau þáttaskil sem göngingur í sér hafa opnað ykkur nýjar leiðir og hvatt til umhugsunar um þá möguleika sem nú bjóðast. Þannig eru samgöngumannvirkin ekki aðeins verkefni í þágu umferðar og flutninga heldur líka vítamingjafi á sviði atvinnu og félagslífs.“ Síðan sagði forseti að það væri gleðiefni að enn væri Ólafsfjörður að færa þjóðinni hetjur og fyrirmyndir

sem sýndu æsku landsins að hægt væri að vera í senn góður Íslendingur og afreksmaður á alþjóðlegum keppnisvelli, og vitnaði þar til Kristins Björnssonar skíðamanns. Forseti sagðist vonast til þess að Ólafsfjörður mætti áfram verða útvörður þeirra eiginleika sem best hefðu dugað í fari Íslendinga.

Að því loknu afhenti forseti Íslands „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga“ sem afhent er m.a. vegna góðrar frammistöðu

í námi, m.a. tónlistarnámi og íþróttum. Þau sem hvatninguna hlutu eru Björg Birgisdóttir 11 ára, Bragi Sigurður Óskarsson 16 ára, Elsa Guðrún Jónsdóttir 13 ára, Guðný Ósk Gottliebssdóttir 15 ára, Hjalti Már Hauksson 13 ára, Jóna Björg Arnadóttir 15 ára, Kristján Unni Óskarsson 15 ára, Linda Rós Rögnvaldsdóttir 16 ára, Soffía Snædis Sveinsdóttir 14 ára og Tomasz Kolosowski 13 ára. Ennfremur Birgir Örn Stefánsón



Yngsti heimilismaðurinn á Þórisstöðum, Arnaldur Starr Stefánsson, býður forseta velkominn til morgunverðar.



Safnasafnið skoðað í fylgd Nielsar Hafstein. Fjór stendur Áni K. Bjarnason, sveitarstjóri.



Veggahleðsla gamla bæjarins í Laufási skoðuð, prestsfrúar í Laufási, og Björn Jósels Arnarson.

Svalbarðsstrandar



ndarhrepps. Þau þökkðu fyrir sig með því að syngja fyrir forsetann.

15 ára Bergi Svalbarðseyri; Gunnar Ingi Ómarsson 16 ára, Neðri-Dálksstöðum Svalbarðsstrandarhreppi og Heiða Bjök Pétursdóttir 14 ára, Laufási Grýtbakkahreppi.

Forsetinn sýndi verkefnum nemenda míkinn áhuga

- Hvernig fannst börnunum í Valsárskóla að fá forseta Íslands í heimsókn í kennslustund?

Porsteinn Stefánsson á Þórisstöðum, nemi í 1. bekk:

„Bara gaman. Ég sýndi honum vinnubókina mína og honum fannst hún flott.“

Bergþóra Sveinsdóttir á Svalbarðseyri, nemi í 1. bekk:

„Það var mjög gaman. Ég hef séð hann áður í sjónvarpinu. Svo sungum við fyrir hann „Stebbi stóð á ströndu, var að troða strý“ og sýndum honum norðlenskan framburð.“

Hjálmar Gylfason á Breiðaból, nemi í 4. bekk:

„Ég hef aldrei hitt forsetann áður en hann var að tala við mig um verkefnið mitt um fugla og fiska. Ég veit ekki hvort ég hitti forsetann bráðum aftur, en kannski.“

Dagbjört Hermannsdóttir Beck á Neðri-Dálksstöðum, nemi 6. bekk:

„Við vorum búin að undirbúa dálítið þegar Ólafur Ragnar forseti kaemi í heimsókn. Ég held að krakkarnir sem voru í skólaferðalagi verði dálítið súr að hafa misst af þessu. Það var mjög gaman að fá forsetann í heimsókn, en ég hef aldrei séð hann áður.“

Gunnar Gíslason, skólafjóri Valsárskóla, var spurður hvers virði það væri fyrir skólann að fá forseta Íslands í heimsókn og ekki síður lítið sveitarfélag eins og Svalbarðsstrandarhrepp.

„Það er mjög mikils virði. Heimsóknin vekur athygli á sveitarfélaginu í fjölmörgum og erum við meðan á því stendur á landakortinu. Þetta er líka tækifæri fyrir fyrirtæki í sveitarfélaginu til þess að kynna sig og sínar vörur og þjónustu. Ég vona að þetta sé einnig minnisstætt fyrir forsetann og hann minnst þess síðar þegar þetta sveitarfélag ber á góma. Ég held að hver einasti forseti ætti að hafa það á stefnuskrá að heimsækja öll sveitarfélög landsins og kynnast lífinu þar af eigin raun. Það skiptir máli fyrir hann þegar hann er að kynna land og þjóð á erlendum vettvangi. Það skiptir máli fyrir íbúana að forsetinn komi í heimsókn, ekki síst nú þegar fólksflóttinn af landsbyggðinni er jafn mikill og raun ber vitni.“

Niels Hafstein, eigandi Safnasafnsins:

„Ef þjóðin fylgist með forseta sínum á ferðum hans þá skilar það sér á margvíslegan máta. Ekki síður er það mikilvægt fyrir fámennari sveitarfélög eins og t.d. Svalbarðsstrandarhrepp. Ef forseti Íslands sér að það er þess virði að koma þá ættu fleiri forvarsmenn minni sveitarfélaga að hugsa svipað. Það er eðlilegt að forsetinn heimsæki öll sveitarfélög landsins á embættisferlinum. Hann á að vera maður fólksins, inn á við sem út á við, og virkur tengiliður.“



si skoðuð í fylgd Ingibjargar Sigurlaugsdóttur, efs Arnviðarsonar, sýslumanns Eyfirðinga.



Girnilegt morgunverðarborð á Þórisstöðum en á myndinni er forsetinn að skoða reyktu ýsu frá Kjarnafæði á Svalbarðseyri sem er þökkúð í lofttæmdar umbúðir.



VERKMENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI

Skólaslit

fara fram í Íþróttahöllinni á Akureyri laugardaginn
22. maí kl.10 árdegis.

Skólameistari.



Aðalfundur SÁÁ

Aðalfundur SÁÁ verður haldinn
fimmtudaginn 27. maí 1999 í Síðumúla
3-5, kl. 20:30.

Dagskrá venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn SÁÁ.



VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF

Útboð

Fyrir hönd eigenda hússins Glerárgötu 24, Akureyri, er hér með óskað eftir tilboðum í sprungu og múrvíðgerðir og málningu utan-húss á húsinu.

Helstu magnbólur:
Háþrýstipvottur 750 m³
Viðgerðir á sprungum 230 m
Viðgerðir á köntum 120 m
Sílanböðun og málnu steins 750 m³
Málnu karma, pósta o.fl. 1160 m

Verklok eru 15. september 1999.

Útboðsgögn verða afhent á VST h.f. Glerárgötu 30, Akureyri, frá og með fimmtudeginum 20. maí.

Tilboð verða opnuð á sama stað mánudaginn 31. maí kl. 11.00.

VST hf.

Hvað er á seyði?

Tónleikar, sýningar,
fyrirlestrar o.s.frv...

Sendu okkur upplýsingar á netfangi, í símréfi eða hringdu.
ritstjori@dagur.is / fax 460 6171 / sími 460 6100

Útvörður upplýsinga
um allt land.



Dagur

Áskriftarsíminn er 900-7080